



Sauðárkróki 26. nóv. 1997

Allsherjarnefnd Alþingis.

Alþingi

150 Rvík.

nefndarsvid@althingi.is

Efni: Frumvarp til laga um dómstóla, 176. mál.

Með bréfi dagsettu 6. nóvember sl. var óskað eftir umsögn um ofangreint frumvarp. Með bréfi þessu verður tæpt á nokkrum atriðum varðandi frumvarpið.

Inngangur.

Það er skoðun undirritaðs að frumvarpið sé í sumum atriðum til bóta en öðrum beinlínis óheppilegt. Hins vegar ber að hafa í huga að þær miklu réttarbætur sem gengu í garð í júlí 1992 hafa reynst mjög vel og flest þau ákvæði frumvarpsins sem ég tel vera til bóta eru einungis nánari útfærsla á framkvæmd sem þegar á sér stað. Eftir 1992 hafa verið gerðar minni breytingar frá réttarbótinni 1992 sem hafa flestar verið til bóta, sérstaklega varðandi lögreglu og ákærvald. Aftur á móti skal hafa í huga að ekki er ástæða til að breyta því sem vel reynist. Dómstólaskipanin eins og hún er í dag hefur reynst mjög vel og ekki er ástæða til að hrófla við henni svo neinu nemi.

Einnig eru í frumvarpinu ákvæði sem auka vinnu á dómara frá því sem nú er og er þar sérstakleg átt við að ekki er gert ráð fyrir að dómarafulltrúar starfi í þeirri mynd sem nú er. Þá er og gert ráð fyrir að kjör héraðsdómara skerist nokkuð þar sem ekki verður greitt fyrir setu í fjölskipuðum dómi.

Sérstaklega verður að taka fram að ákvæði um að ekki séu settir dómara í stað þeirra sem fara í leyfi til vansa. Ákvæðið verður til þess að þeir dómara sem eftir eru þurfa að bæta á sig vinnu án kjarabótar. Þá má ætla að dómara muni veigra sér við

að fara í námsleyfi ef það verður til þess að félagar þeirra sem eftir sitja þurfa að bæta á sig vinnu og eða að málin eru látin bíða.

2. Rétt þykir að fjalla lauslega um nokkur atriði í frumvarpinu.

Í 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að einn hæstaréttardómari geti skipað dóm í máli. Þetta tel ég varhugavert ákvæði sem fella skuli burt. Mál sem varðar svo litla hagsmuni að einn dómari geti endurskoðað niðurstöðu héraðsdóms á ekki að fara fyrir Hæstarétt. Í öðrum lögum t.d. 152. gr. laga um meðferð einkamála eru sett skilyrði fyrir því að máli verði áfrýjað til Hæstaréttar. Það er mín skoðun að dóm í Hæstarétti skuli ekki færri en 3 dómarar skipa hverju sinni. Endurskoðun eins dómara á niðurstöðu eins héraðsdómara yrði alltaf umdeilanleg og fullnægir ekki skilyrðum um réttaröryggi sem krefjast má í lýðræðisríki.

Ákvæði 14. gr. um dómstólaráð. Að mati undirritaðs er vald ráðsins verulegt en reglur sem það skal fara eftir engar. Ákvæði um dómstólaráð eru þau ákvæði frumvarpsins sem ég er mest mótfallinn. Ráðið kemur til með að hafa allt of mikil völd hvað varðar rekstur einstaka dómstóla og raunar einstaka dómara.

Í raun er vald ráðsins svo miklið og verkefnin svo mörg að ég tel ekki hugsanlegt að það verði án starfsmanns eða starfsmanna. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að ráðið hafi fastan samastað og virðist því ætlað að vera á horni skrifborðs nefndarmanna. Af ákvæðum frumvarpsins verður ekki annað séð en víða sé pottur brotinn í starfi dómara og svo virðist sem þeir hafi ekki næg verkefni. Dómstólaráð skal á marga vegu hafa eftirlit með einstaka dómstólum og dómurum og setja reglur sem hver og einn dómari er bundinn af.

Gert er ráð fyrir að ráðið fari með fjárreiður allra héraðsdómstólanna. Með þessu eru dómstólarnir látnir keppa hver við annan um það fjármagn sem ríkisvaldið lætur til málaflokksins alls. Mjög er hætt við að stóru dómstólarnir taki meira til sín en verið hefur og þeir minni eigi erfiðra með að ná sínu fram. Þar sem ekki er gert ráð fyrir að dómarar fái greitt sérstaklega fyrir meðdómendastörf og að ekki er gert ráð fyrir að settir verði dómarar fyrir þá sem einhverra hluta vegna eru í leyfi verður ekki séð að mikið svigrúm þurfi vegna kostnaðar við þá liði. Gera verður ráð fyrir að dómarar og annað starfslið sé ekki flutt á milli dómstóla mörgum sinnum á ári. Heldur verði þörfin á starfsliði metin eftir hvert ár í samræmi við umfang dómstólsins. Raunar verður að ætla að til að fækka dómurum og öðru starfsfólki á við ákveðinn

dómstól verði að liggja fyrir að um verulega fækkun dómsmála sé að ræða og sú fækkun sé varanleg. Hugsanlegt er að dómari við einn dómstól taki að sér nokkur mál á ári sem rekin eru við annan dómstól en ekki er gert ráð fyrir að hann fái sérstaklega greitt fyrir það.

Þá er ráðinu ætlað að semja einhverskonar starfsreglur um samræmda framkvæmd við héraðsdómstólana og ákveðið að þær skuli vera bindandi. Í greinargerð með frumvarpinu eru nefnd ákveðin atriði til skýringar. Fráleitt er að dómstólaráð geti skipt sér af atriðum sem dómari ber einn ábyrgð á þó hugsanlegt sé að gefnar séu út leiðbeiningar og þá eigi undir þennan lið leiðbeiningar varðandi þinghöld en þeim verður hver dómari að fá að stjórna sjálfur. Reglur um endurrit o.þh. mætti þó setja án þess að þörf fyrir slíkum reglum sé fyrir hendi í dag.

Með ákvæði 5. tl. 14. gr. er enn reynt að efla eftirlit með dómstólum. Hins vegar verður ekki annað séð en nauðsynlegt sé fyrir ráðið að fá upplýsingar um hversu mörg mál einstakir dómamarar afgreiða. Ef ráðið vill gera eftir þörfum ábendingar um afgreiðslu mála við fjölskipaða dóma verður það að vita hvernig hver einstakur dómari hefur staðið sig og einnig að vita hvernig mál hann afgreiddi. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að mál eru mjög mismunandi.

Í 6. tl. 14. gr. er gert ráð fyrir að settar verði reglur um viðveruskyldu dómara. Með þessu er enn reynt að hafa eftirlit með einstaka dómurum og svo virðist sem dómamarar hafi ekki mætt nægilega vel til vinnu sinnar.

Í 15. gr. frumvarpsins eru ákvæði sem ég tel óásættanleg. Raunar er ég mótfallinn því að dómamarar sæti flutningsskyldu. Slíkt verður erfitt í framkvæmd og þar verður vald dómstólaráðs, þar sem tveir héraðsdómamarar eiga sæti, vandmeðfarið. Mikil röskun fylgir flutningi sem þessum fyrir fjölskyldu dómara og gera verður ráð fyrir að flutningsskylduna verði að bæta upp með betri launakjörum.

Ákvörðun ráðsins um að þrjú dómamarar skuli ekki hafa fast sæti við ákveðinn dómstól er veigamikil og erfið í framkvæmd. Áður hefur verið nefnt að ólíklegt sé að ráðið geti starfað án starfsfólks. Ef ráðið á að sjá þremur dómurum fyrir vinnu allt árið verður það ekki gert nema með nákvæmu eftirliti með málstöðu einstakra dómstóla og til þess þarf starfskrafta. Raunar verður að gera ráð fyrir að þeir héraðsdómamarar sem verða í ráðinu verði að minnka aðra vinnu sína verulega sem aftur leiðir til aukins vinnuálags á aðra dómara við dómstólinn. Útilokað má telja að dómari sem starfar einn hafi tíma til að vera í dómstólaráði.

Óhugsandi er fyrir dómara að sæta ákvörðun dómstólaráðs um það hverjir skuli dæma með honum mál í fjölskipuðum dómi. Sá dómari sem hefur málið til meðferðar verður að fá að velja sé samstarfsmenn en ekki sæta ákvörðun dómstólaráðs um þetta efni. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að dómstjóri ákveði hvort dómur skuli fjölskipaður í máli og á það má út af fyrir sig fallast. Í greinargerð er þess getið að heimildir til að hafa fjölskipaðan dóm hafi verið notaðar um of. Á þetta verður ekki fallist. Dómarar hafa hingað til þurft að fá samþykki dómstjóra fyrir því að dómur verði fjölskipaður og er því í raun lítil breyting frá því sem nú er. Ekkert er óeðlilegt að dómstjóri taki síðan tillit til þess við úthlutun mála að dómari hafi setið í fjölskipuðum dómi. Sömu rök gilda ef leita þarf út fyrir dómstól að meðdómsmönnum. Hingað til hefur þurft samþykki dómstjóra viðkomandi dómstóls og það væntanlega ekki gefið ef ástæða hefur ekki þótt til þess t.d. vegna mikilla verkefna dómarans. Hins vegar er augljóst að dómarar koma ekki til með að sækjast eftir meðdómendastörfum því ekki er gert ráð fyrir að fyrir þau verði greitt sérstaklega.

Í 16. gr. frumvarpsins er enn að finna ákvæði um völd dómstólaráðs. Ráðinu er þannig veitt valdi til að áminna dómstjóra sem það telur hafa brotið af sér ístarfi. Þessi tilhögun er óeðlileg. Eðlilegt er að sá sem skipar dómstjórnann geti veitt honum áminningu.

Í 20. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að dómstólaráð veiti dómurum leyfi. Verksvið ráðsins er hér allnokkurt en gera má ráð fyrir að dómara taki ekki allir orlof sitt í einu lagi og þurfa þeir þá að sækja heimild um orlof í hvert sinn til dómstólaráðs.

Í 2. mgr. 25. gr. frumvarpsins er óþarft ákvæði en hér eftir sem hingað til skal kostnaður sem þessi greiddur samkvæmt reglum sem gilda um ríkisstarfsmenn.

Í 3. mgr. sömu greinar er að finna ákvæði sem lætur Kjaradóm ákveða staðaruppbót vegna starfa dómara við annan dómstól en hann á fast sæti við. Þetta ákvæði er óþarft því hér á dómari rétt á dagpeningum og ferðakostnaði eins og aðrir ríkisstarfsmenn. Ekki verður séð að ástæða sé til að láta Kjaradóm setja aðrar reglur um sem gildi eingöngu um héraðsdómara.



Halldór Halldórsson,

héraðsdómari.